

**FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2015/13/ESB****2015/EES/46/14****frá 31. október 2014****um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/32/ESB að því er varðar  
rennslisvið vatnsmæla (\*)**

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/32/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða mælitæki fram á markaði <sup>(1)</sup>, einkum b-lið 47. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í tilskipun 2014/32/ESB eru settar fram kröfur sem tiltekin mælitæki verða að uppfylla ef ætlunin er að setja þau á markað og/eða taka í notkun fyrir sérstök mælingaverkefni sem aðildarríkin mæla fyrir um.
- 2) Fyrsta af sértæku kröfunum fyrir vatnsmæla (krafa 1) sem skráðar eru í III. viðauka við tilskipun 2014/32/ESB vísar til málnotkunarskilyrðis fyrir rennslisviðið  $Q_3/Q_1 \geq 10$ .
- 3) Uppfærsla á staðli EN 14154, sem fól í sér rennslisviðið  $Q_3/Q_1 \geq 40$ , öðlaðist gildi 31. október 2011. Endurskoðaður staðall EN 14154 endurspeglar alþjóðlega staðalinn. Í honum eru settar strangari kröfur í tengslum við rennslisvið heldur en í sértæku kröfunum sem settar eru fram í III. viðauka við tilskipun 2014/32/ESB og leiðir til nákvæmari mælinga.
- 4) Áður en rennslisviðið  $Q_3/Q_1 \geq 10$  var tekið upp með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB <sup>(2)</sup> um mælitæki, var alþjóðlegi OIML-staðallinn, sem þegar innihélt kröfur um rennslisviðið  $Q_3/Q_1 \geq 40$ , notaður í öllum aðildarríkjunum. Vegna umbreytingarákvæða sem kveðið var á um í 2. mgr. 50. gr. tilskipunar 2014/32/ESB voru flestir vatnsmælar sem höfðu verið settir á markað þegar í samræmi við kröfurnar um  $Q_3/Q_1 \geq 40$ .
- 5) Vatnsmælar með rennslisviðið  $Q_3/Q_1 \geq 10$  geta verið umtalsvert ódýrari en þeir sem uppfylla kröfurnar í staðlinum EN 14154 ( $Q_3/Q_1 \geq 40$ ). Í 10. lið III. viðauka við tilskipun 2014/32/ESB er kveðið á um að veitan eða einstaklingurinn sem er tilnefndur til að setja upp vatnsmælinn fái rétt til að ákveða, m.a., hvaða rennslisvið hentar til nákvæmrar mælingar á neyslu sem séð er fram á eða má vænta <sup>(3)</sup>. Því er heimilt að setja upp vatnsmæla sem uppfylla ekki staðalinn EN 14154 fyrir rennslisvið en eru í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í III. viðauka við tilskipun 2014/32/ESB. Þetta getur þó aukið möguleikann á því að viðskiptavinir fái ranga reikninga vegna ónákvæmari mælinga mælisins.
- 6) Rennslisviðið  $Q_3/Q_1 \geq 40$  er í samræmi við nýjustu tækniþekkingu sem felst í gildandi, alþjóðlegum staðli og framleiðsluháttum, ásamt lágmarksgæðum sem nú eru fánleg á markaði Sambandsins. Það veitir möguleika á nákvæmari mælingum sem tryggir þar með viðtækari vernd fyrir neytendur. Í ljósi þess að rennslisviðið  $Q_3/Q_1 \geq 40$  hefur í mörg ár verið og er enn lágmarkið sem markaðurinn setur, felur það ekki í sér viðbótarkostnað fyrir notendur að uppfylla þá kröfu.
- 7) Breyta ber tilskipun 2014/32/ESB til samræmis við það.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 3, 7.1.2015, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 149.

<sup>(2)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB frá 31. mars 2004 um mælitæki (Stjtið. ESB L 135, 30.4.2004, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Sjá 10. lið í III. viðauka við tilskipun 2014/32/ESB.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað 1. liðar III. viðauka við tilskipun 2014/32/ESB komi eftirfarandi:

„1. Rennslissvið vatnsins.

Gildin fyrir rennslissviðið skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

$$Q_3/Q_1 \geq 40$$

$$Q_2/Q_1 = 1,6$$

$$Q_4/Q_3 = 1,25^{**}.$$

*2. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 19. apríl 2016. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 20. apríl 2016.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*3. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 31. október 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

---